

Tillaga til þingsályktunar

um skráningu menningarminja.

Flm.: Steinunn Þóra Árnadóttir, Orri Páll Jóhannsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir,
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að gera stóráttak í skráningu menningarminja, annars vegar minja sem eru í hættu vegna loftslagsbreytinga eða annarrar náttúruváru, svo sem vegna landbrots, hins vegar menningarminja almennt.

Greinargerð.

Minjavernd er hverju samfélagi mikilvæg. Ísland geymir miklar menningar- og náttúru-minjar sem brýnt er að rannsaka og skrá með faglegum hætti. Á vef Minjastofnunar¹ kemur fram að menningarminjar teljist ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, sögustaðir, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Minjastofnun fer með málefni menningarminja, en þó einungis takmarkað í tilfelli gripa (sem eru að mestu leyti á ábyrgð Þjóðminjasafns Íslands), skjala og mynda (sem eru að mestu leyti á ábyrgð Þjóðminjasafns Íslands og/eða Þjóðskjalasafns Íslands).

Mikilvægt er að efla og auka skráningu á fornleifum og menningarminjum og efla alla minjavernd, ekki síst þar sem merkar minjar eru í hættu, t.d. vegna loftslagsbreytinga eða náttúruváru, svo sem landbrots. Mikill fjöldi minja um allt land er í stórhættu vegna sjávarrofs. Þær minjar sem ekki síst eru í hættu eru minjar um sjávarútveg og sjósókn Íslendinga frá landnámi og allt fram á 20. öld. Um er að ræða gríðarlegt magn ómetanlegra menningarverðmæta sem eru nær órannsökuð og munu að óbreyttu hverfa í sjóinn vegna ágangs náttúruaflanna. Landbrot er víða mikið og fer vaxandi vegna loftslagsbreytinga.

Einnig er nauðsynlegt að efla skráningu menningarminja almennt. Fornminjasjóður gegnir þar mikilvægu hlutverki. Fornleifarannsóknir eru stór þáttur í því að efla þekkingu þjóðarinnar á dýrmætri menningararfleifð. Mikil tækifæri felast í minjavernd; tækifæri sem eru í senn mikilvæg fyrir menningar- og náttúrusögu landsins. Svæði með menningarminjum geta orðið að eftirsóknarverðum áfangastöðum um land allt eins og dæmi á friðlýstum svæðum sanna.

Í 21. gr. laga nr. 80/2012, um menningarminjar, kemur skýrt fram að enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, má breyta, hylja, granda, spilla, laga eða aflaga, né flytja úr stað fornleifar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þá segir þar einnig að ef nauðsyn krefur láti Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreiftri eða á annan hátt.

¹ <https://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/spurt-og-svarad/nr/1354>

Forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaraðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um staðsetningu og tilvist fornleifanna. Til að svo verði er nauðsynlegt að auka rannsóknir á og vitneskju um menningarminjar.

Með þingsályktunartillögu þessari er umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra falið að sjá til þess að stóráttak verði gert í skráningu menningarminja.